

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 11. janúar 2019
UST201811-242/R.K.
08.08.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun. Kísilverksmiðja í Helguvík- Endurbætur. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 19. nóvember 2018 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun minnir á að endurræsing á kísilverksmiðjunni í Helguvík er háð leyfi stofnunarinnar auk þess sem hún er umsagnaraðili í matsferli framkvæmdar. Starfsemin er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun en hefur verið stöðvuð vegna alvarlegra frávika í rekstri þar sem ákvæði gildandi starfsleyfis voru ekki uppfyllt. Ekki verður veitt heimild fyrir endurræingu verksmiðjunnar fyrr en úrbætur hafi verið gerðar.

1. Forsaga málsins

Forsaga kísilverksmiðjunnar í Helguvík er rakin í greinargerð tillögu að matsáætlun. Í henni er einnig fjallað um hvernig Stakksberg ehf. hyggst endurbæta verksmiðjuna og hefja á ný framleiðslu á kísil og er áætluð framleiðslugeta 100.000 tonn á ári í allt að fjórum ljósbogafnum líkt og upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fram kemur í kafla 1.6 í greinargerðarinnar að 4. júlí 2018 hafi starfsleyfið verið fært yfir á félagið Stakksberg ehf. Starfsleyfið var fært af Sameinað Sílikon ehf. (protabú) yfir á félagið EB0117 ehf. kt: 590517-1940 líkt og sjá má í bréfi stofnunarinnar dags. 4. júlí sl. og auglýsingu stofnunarinnar dags. 5. júlí sl. Heiti félagsins síðar breytt í Stakksberg ehf sem er hér eftir nefnt rekstraraðili.

2. Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að endurbæta kísilverksmiðjuna í Helguvík og hefja á ný framleiðslu á kísli. Áður en framleiðsla hefst á ný hefur rekstraraðili kosið að framkvæma nýtt mat á umhverfisáhrifum verksmiðjunnar.

Í greinargerð tillögu að matsáætlun er mikið vísað til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 19. janúar 2018 um afstöðu stofnunarinnar til úrbóta á verksmiðjunni. Stofnunin bendir á að ferli úrbóta vegna frávika starfseminnar frá starfsleyfi er annað mál en nýtt ferli mats á umhverfisáhrifum og því kunna að vera gerðar aðrar kröfur en fram koma í gildandi starfsleyfi, sem byggja á nýju mati. Auk þess má benda á að þann 15. maí 2018 tók gildi ný reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit nr. 550/2018 þar sem fram koma kröfur um losun frá mengandi starfsemi.

3. Drög að tillögu að matsáætlun

Umhverfisstofnun veitti umsögn um drög að tillögu að matsáætlun dags. 13. júlí sl. þar sem gerðar voru athugasemdir við nokkur meginatriði. Í viðauka 2 er greint frá viðbrögðum rekstraraðila við þeim athugasemdum sem Umhverfisstofnun telur greinagóða samantekt. Hér verður farið yfir þau atriði sem stofnunin gerir enn athugasemdir við og greint frá afstöðu stofnunarinnar við svörum rekstraraðila út frá fyrirbyggjandi greinargerð tillögu að matsáætlun.

3.1 Líkanreikningar dreifingar rokgjarnra lífrænna efna (VOC)

Umhverfisstofnun vísar í umræðu hér að neðan í kafla 4.3.

3.2 Tímasettar úrbætur

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allar þær úrbætur sem fjallað er um í töflum 2.7, 2.8 og 2.9 séu tímasettar í frummatsskýrslu.

3.3 Tímaáætlun og starfsleyfi

Umhverfisstofnun benti á að tímarammi í drögum á mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfisgerð væri þröngur. Rekstraraðili svarar með því að framkvæma eigi matið og starfsleyfisgerðina samhliða.

Í viðbrögðum rekstraraðila við athugasemd Umhverfisstofnunar í töflu í viðauka 2 greinargerðar kemur fram að: „*Gert hefur verið ráð fyrir tíma af þeirri lengd sem Umhverfisstofnun nefnir vegna endurnýjunar starfsleyfis og hefur Skipulagsstofnun samþykkt fyrir sitt leyti að mat á umhverfisáhrifum verði unnið á sama tíma og starfsleyfi*“ (liður nr. 11). Stofnunin vekur athygli á því að ekki gætir samræmis í ofangreindum texta og bls. 38 greinargerðar þar sem fram kemur að: „*þegar mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er lokið sækir framkvæmdaraðili um [...] starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlitsins*“. Fram hefur komið frá rekstraraðila að stefnt er á að framkvæmda umhverfismat samhliða endurskoðun á starfsleyfi.

Umhverfisstofnun áréttar að ef sótt er um endurskoðun á starfsleyfi áður en mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir þá er hægt að hefja starfsleyfismál og setja upp þá kafla starfsleyfis sem eru almennir en ákvæði um mengunarvarnir og losunarmörk geta ekki verið unnin fyrr en mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir þar sem mat á umhverfisáhrifum er til grundvallar við gerð þeirra ákvæða.

3.4 Fyrirhugaðar breytingar og viðbætur

Í kafla 3.2.2. er farið yfir helstu fyrirhugaðar breytingar og viðbótum starfseminnar og mannvirkja kísilversins. Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við að lýsing á þeim viðbætum þyrftu að vera skýrari. Þessu tengdu vísar stofnunin hér í kafla 4.5. hér að neðan hvað varðar mannvirkjagerð og nýtt mat á umhverfisáhrifum.

3.5 Núllkostur og valkostaumræða

Umhverfisstofnun samþykkir rök rekstraraðila um að í öllum tilfellum þurfi að aðhafast eitthvað en telur enn að mikilvægt sé að gert sé ítarlega grein fyrir valkostum í frummatsskýrslu, þ.á.m. núllkosti og umhverfisáhrif þeirra valkosta metin til samanburðar við valin kost.

3.6 Besta aðgengilega tækni (BAT)

Umhverfisstofnun minnir á reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun. Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document in the Non-Ferrous Metals Industries, 2017“ ásamt „Best available techniques conclusions, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the non-ferrous metals industries“ sem birt var í „Official Journal of the European Union“ þann 13. júní 2016. Þessi reglugerð Evrópusambandsins hefur það verið innleidd á Íslandi með lagabreytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir 1. júlí 2017 og skilgreint í BAT reglugerð nr. 935/2018 lið nr. 14.

3.7 Áhrif á dýralíf, vásti fugla og lífríki sjávar

Í fyrri umsögn sinni gerði Umhverfisstofnun athugasemdir við hvernig mat á áhrifum verksmiðjunnar á dýralíf svæðisins, fugla og sjávarlífverur, var háttáð. Fram kemur í greinargerð að fjallað verði nánar um mat á áhrifum gangsetningu verksmiðjunnar á fugla, einkum sjófugla, með nýjan vásti fugla (2018) til viðmiðunar. Þá skal skv. greinargerð fjalla um áhrif fráveitu á lífríki viðtakans út frá reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun telur slík áform vera jákvæð.

3.8 Umhverfisstjórnunarkerfi

Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í greinargerð um að unnið verði eftir umhverfisstjórnunarkerfi frá gangsetningu verksmiðjunnar enda er um að ræða lið í úrbótaáætlun rekstraraðila sem var samþykkt af stofnuninni.

4. Tillaga að matsáætlun

Umhverfisstofnun telur að þær upplýsingar sem fjallað er um í næstu köflum, þurfi að liggja fyrir í frummatsskýrslu.

Á bls. 20 er fjallað um fyrirhugaðar breytingar og viðbætur. Þar segir: „Öllum úrbótum, sem lúta að umhverfisáhrifum og skilyrðum Umhverfisstofnunar verður að fullu lokið fyrir endurgangsetningu. Úrbætur, sem aðeins eru til komnar til að auka verðmæti framleiddrar vöru, svo sem mölun, eða til hagræðingar í rekstri verður lokið fyrir

gangsetningu að því marki sem unnt er.“ Umhverfisstofnun tekur undir þetta en áréttar að stofnunin leggur fyrst og fremst fram þau skilyrði að starfsemin fylgi ákvæðum mengunarvarna í starfsleyfi.

4.1. Nýtt mat á umhverfisáhrifum (bls. 27).

Umhverfisstofnun bendir á að ferli mats á umhverfisáhrifum er ekki hið sama og ferli endurskoðunar starfsleyfis rekstraraðila fyrir kísilverkmiðju í Helguvík.

Hér er vísað til umfjöllunar fyrr í umsögninni í kafla 3.3. um tímaáætlun framkvæmdar. Það matsferli sem nú liggur fyrir skal taka mið af stöðunni sem nú er uppi þar sem til staðar er verksmiðja þar sem starfsemi liggur niðri.

4.2 Lyktarmengun

Umhverfisstofnun ítrekar að við loftdreifilíkanagerð þurfi að gera ráð fyrir dreifingu lyktarmengunar út frá ofnum sem keyrðir á því afli þar sem hætta á lyktarmengun er sem mest.

Í greinargerð er fjallað um áhrif lyktarmengunar þegar verksmiðjan er keyrð á fullum afköstum, í ljósi þess að skýrt er að mest lyktarmengun verður þegar ofnar eru keyrðir á lágu afli eða á tímabili eftir stöðvun ljósbogaofnsins. Umhverfisstofnun telur brýnt að við gerð dreifingarlíkans rokkgjarnra lífrænna efna (volatile organic compounds eða VOC efna) sé reiknaðar sviðsmyndir sem miðast við mismunandi afgashita. Þ.e. reiknað sé inn í líkanið deifing efna við þær aðstæður þegar ofnar eru keyrðir á því álagi sem þekkt er að valdi mestri losun þeirra efna sem geta valdið lyktarmengun. Þá þarf að vera til staðar ítarleg aðgerðaáætlun um hvernig skal bregðast við þegar nauðsynlegt þykir að keyra ofnana á lágum afköstum/afli.

Þessu tengt ítrekar Umhverfisstofnun umfjöllun sína sem fram kom í bréfi um afstöðu stofnunarinnar til úrbótaáætlunar rekstraraðila dags. 19. janúar 2018. Þar kom meðal annars fram að niðurstöður loftdreifilíkansins, birt í skýrslu ráðgjafafyrirtækjanna Multiconsult og PureEnviro dags. 16. janúar 2018, sýna almennt minni styrkleika VOC efna í nágrenni verksmiðjunnar þegar gert er ráð fyrir neyðarskorsteini heldur en við óbreytt ástand. Í álitum Norconsult dags. 19. janúar 2018 er lögð áhersla á stöðugan rekstur ljósbogaofns á háu álagi en í því séu fólgnar áskoranir í þjálfun starfsfólks og í að skipuleggja reksturinn á markvissan hátt. Þá telur Norconsult að neyðarskorsteinn eða skorstein á/við síuhús séu besta lausnin til að ná betri dreifingu VOC efna. Loftdreifilíkan PureEnviro bendi til allt að 80% lækkunar á styrk VOC efna í nágrenni verksmiðjunnar með tilkomu neyðarskorsteins. Ókostir neyðarskorsteins séu þó aukin ryklosun. Fram kemur að skorsteininn verði ætlaður til notkunar þegar ofn er stöðvaður og að geri megi ráð fyrir að sýnilegur reykur frá neyðarskorsteininum sé hverfandi.

Umhverfisstofnun stendur við fyrri afstöðu um að skorsteinn sé til þess fallin að draga úr styrk VOC efna í íbúabyggð og sé því nauðsynleg viðbót við þær tillögur sem bárust stofnuninni þann 14. desember 2017.

4.3. Loftdreifilíkan og veðurstöðvar

Árið 2016 voru settar upp loftgæðamælistöðvar með veðurmælingum í nágrenni verksmiðjunnar. Mælistöðvarnar voru teknar í notkun í milli janúar og maí 2016 í nágrenni iðnaðarsvæðisins í Helguvík. Gögn frá þessum mælum geta nýst við gerð loftdreifilíkans. Stofnunin telur, líkt og komið hefur áður fram í samskiptum við rekstraraðila, að ekki sé nauðsynlegt að halda loftgæðamælum virkum en telur að veðurmælar ættu að haldast virkir til frekari gagnaöflunar og að endurskoðun loftdreifilíkana.

Umhverfisstofnun telur að við gerð loftdreifilíkana þurfi einnig að reikna sérstaklega drefingu VOC efna við verstu mögulegu aðstæður þ.e. þegar rekstrarerfiðleikar eru til staðar í ofnum verksmiðjunnar og veðuraðstæður með þeim hætti að búast megi við lyktarmengun í Reykjanesbæ. Í þessu samhengi er rétt að líta til reynslunnar af rekstri Sameinað Sílicon hf. og við hvers konar aðstæður í ofninum lyktarmengun var mikil.

Fram kemur í greinargerð að gera skuli loftdreifilíkan og áætlað er að nýta veðurgögn frá 2000-2004 við gerð þess. Umhverfisstofnun telur til bóta ef notuð eru þau gögn sem til eru úr framangreindum loftgæðamælum í nálægð við kísilverksmiðjuna. Stofnunin telur æskilegt að það veðurlíkan sem notað verði til útreikninga á dreifingu mengunarefna byggji á nýrri gögnum í stað eldri (14-18 ára gamalla) gagna Vatnaskila og að það veðurlíkan styðjist líka við gögn frá veðurstöðvum sem settar voru upp árið 2016 við Leiruna og Hólmlbergsbraut. Við það vinnst tvennt. Annars vegar að góðar upplýsingar fást um veðurfar við Helguvík, byggðar á mælingum á staðnum og hins vegar að þá eru notaðar nýrri veðurmælingar en eldra veðurlíkan byggði á gögnum þar sem elstu mæliraðir eru að verða tveggja áratuga gamlar.

Þessu tengt tekur Umhverfisstofnun undir athugasemd Reykjanesbæjar (sjá viðauka 2 í greinargerð tillögu að matsáætlun) um að afla þurfi gagna um loftgæði í Helguvík og telur að veðurstöðvar sem þar voru settar uppi eigi að standa og vera nýttar áfram við gerð loftdreifilíkana sbr. ofangreint. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að gögn frá þessum veðurstöðvum séu áfram nýtt við útreikninga á dreifingu loftmengunarefna.

4.4. Mannvirki

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um mannvirki kísilverksmiðjunnar í frummatsskýrslu þar sem farið er yfir misræmi á milli bygginga í samþykktu deiliskipulagi og þeirra sem risu í Helguvík.

Fram kemur í greinargerð að forsendur sjónrænna áhrifa verksmiðjunnar voru rangar þar sem mannvirkin, sem voru reist, voru ekki í samræmi við upplýsingar í fyrri matsskýrslu. Mikilvægt er að fjalla um áhrif framkvæmdar á landslag og ásynnd í nýju mati á umhverfisáhrifum. Hluti bygginganna hafa nú þegar verið reistar en rekstraraðili gerir ráð fyrir að reisa ný mannvirki. Umhverfisstofnun telur brýnt að fjallað sé ítarlega um það hvernig nústandandi mannvirki eru ólík kynntum tillögum í fyrri matsferli verksmiðjunnar, þegar reist mannvirki stangast á við samþykkt deiliskipulag svæðisins,

og það hvernig sjónræn áhrif verða vegna fyrirhugaðra mannvirkja. Stofnunin minnir á að starfsemi skal ávallt vera í samræmi við skipulag skv. rg. 550/2018 og verður tekið mið af því við endurskoðun starfsleyfisins. Umhverfisstofnun telur ennfremur að í matsskýrslu þurfi að fjalla um ferli breytingar deiliskipulags og hvar þau áform standa.

5. Niðurlag

Umhverfisstofnun telur jákvætt að uppsetning skýrslu sé skýrari en drögin voru hvað varðar framsetningu á annars vegar forsögu verksmiðjunnar og hins vegar áforma um nýtt mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur mikilvægt að í frummatsskýrslu komi skýrt fram hvað það var sem olli mestum umhverfisáhrifum við fyrri rekstur kísilverksmiðjunnar og hvernig rekstraraðili hyggst sjá til þess að lágmarka þá mengun við endurbætur verksmiðjunnar. Stofnunin minnir á að tæknilausnir, sem greint er frá í frummatsskýrslu til að minnka umhverfisáhrif verksmiðjunnar, þurfi að vera skýrar. Nauðsynlegt er að brugðist sé við ofangreindum athugasemdum í frummatsskýrslu framkvæmdar. Þá er jákvætt ef greint er frá viðbrögðum rekstraraðila við athugasemdum stofnunarinnar í viðauka skýrslunnar líkt og var gert við drögum að tillögu matsáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að unnið er að nýju mati á umhverfisáhrifum til grundvallar leyfisveitingunni og ný reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit hefur tekið gildi eftir útgáfu núgildandi starfsleyfis munu starfsleyfisskilyrði vera uppfærð ef sótt er um endurskoðun starfsleyfis.

Umhverfisstofnun telur rétt að rekstraraðili hafi umfjöllun í matsáætlun um hvernig hann muni tryggja viðunandi þjálfun starfsfólks áður en að starfsemi hefst. Þá telur stofnunin að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram drög að slíkri áætlun.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri